


## Fyrirspurn vegna samkeppni fyrir uppbyggingu leik- og grunnskóla á Fleyvangi og göngu- og hjólabrúar yfir í Vogabyggð.

Til stendur að setja hönnun skóla fyrir Vogabyggð, staðsettan á Fleyvangi, í hönnunarsamkeppni. Í gildi er deiliskipulag, Vogabyggð svæði 5, sem samþykkt var í Skipulags- og samgönguráði þann 6. mars 2019 og í Borgarráði þann 14. mars 2019, með síðari breytingum. Í því deiliskipulagi er gerð tillaga að lóð og byggingarreit, byggingarmagni og þakkóta skólabygginga.



Deiliskipulagsuppráttur fyrir skólalóðina.

Samkvæmt deiliskipulagsupprætti er lóðin 12530 m<sup>2</sup> og gert ráð fyrir að skólinn sé 2-3 hæðir og heildarbyggingarmagn 5000 m<sup>2</sup>. Byggingarreitur er grár á deiliskipulagsupprætti.



Skýringarmynd sem sýnir sneiðingu í gildandi deiliskipulagi.

Á þeim tíma sem gildandi deiliskipulag var unnið, var gert ráð fyrir að skóli á Fleyvangi væri fyrir börn á aldrinum 1-10 ára. Síðan þá hefur verið tekin ákvörðun hjá Skóla- og frístundasviði að þetta verði heilstæður leik- og grunnskóli fyrir börn á aldrinum 1-15 ára. Með síðustu breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur var gert ráð fyrir 1900 íbúðum í Vogabyggð. Þegar deiliskipulag fyrir Vogabyggð 5 var unnið var gert ráð fyrir 1300 íbúðum. Einnig verður íþróttamiðstöð (ekki keppnishús) hluti af mannvirkinu sem ekki var gert ráð fyrir við gerð gildandi deiliskipulags. Gert er ráð fyrir áfangaskiptingu mannvirkisins. Einnig hefur verið samþykktar nýjar stefnur á vegum Reykjavíkurborgar; menntastefna Reykjavíkur; stefna Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla og frístundastarf; og bíla- og hjólastæðastefna með lágmarkskröfu hjólastæða á skólalóð. Þessar stefnur eru nýjar forsendur fyrir hönnun skólamanvirkja og lóðarinnar og því er nauðsynlegt að breyta deiliskipulagi svo góð lausn komi í uppbyggingu á nýjum samþættum leik- og grunnskóla, frístundaheimili og félagsmiðstöð og nýrri göngu og hjólabrú fyrir svæðið.

Spurt er afstöðu Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur um breytingu á deiliskipulagi Vogabyggðar fyrir svæði 5, vegna stækkunar, hönnunar og útfærslu skólalóðar og stækkun á byggingarreit til suðurs, aukning byggingarmagns um allt að 4-5000 m<sup>2</sup>, og hæðar bygginga úr 2-3 hæðum í 4 með frjálsu þakformi. Kvaðir vegna friðlýsts náttúruvættis og stórra stofnlagna munu ekki breytast.

Allar breytingar verða metnar af Skipulagsfulltrúa þegar niðurstaða úr samkeppni liggur fyrir og kynntar fyrir umhverfis- og skipulagsráði.